

Auðkenni ehf.
Ársreikningur 2022

Auðkenni ehf.
Borgartúni 31
105 Reykjavík

Kt. 521000-2790

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er uppbygging og rekstur innviða þar á meðal á sviði öruggrar auðkenningar, öruggra aðgerða eftir auðkenningu, rafrænna undirskrifta og annarra traustþjónusta ásamt skyldum rekstri.

Rekstur ársins 2022

Rekstrartekjur félagsins námu 608,2 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 69,6 millj. kr. milli ára eða um 13%. Hagnaður félagsins á árinu 2022 nam 182,0 millj. kr.

Eigið fé félagsins í árslok nam 603,3 millj. kr. (2021: 421,3 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 948,0 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2023, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 10,6 samanborið við 8,3 árið 2021.

Í ársreikningi 2022 hefur skattalegt tap fyrri ára ekki verið eignfært sem skatteign en að teknu tilliti til tímabundins mismunar í öðrum liðum nemur uppreiknuð skatteign um 103,5 millj. kr. eins og kemur fram í skýringu 15.

Í byrjun júlí 2021 var gengið frá samkomulagi um kaup íslenska ríkisins á öllu hlutafé Auðkennis fyrir um 948 millj.kr. Fyrirvarar voru í samkomulaginu m.a. um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna samrunans, málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins lauk með sátt í febrúar 2022 sbr. ákvörðun nr. 5/2022. Í mars 2022 var öllum frágangi vegna kaupanna lokið og formleg breyting fór fram þar sem Ríkissjóður var skráður eigandi að öllu hlutafé félagsins.

Einn hluthafi er í félaginu í árslok samanborið við 10 í upphafi árs. Hlutafé í árslok er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands.

Stjórnarhættir

Ríkissjóður Íslands fer með eignarhald ríkisins í Auðkenni ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð fimm stjórnarmönnum. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdarstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra félagsins og ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Stjórnin leggur áherslu á að vera til fyrimyndar í nýtingu rafrænna ferla og eru ársreikningar sem og fundargerðir stjórnar rafrænar og rafrænt undirritaðar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðkennis ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með rafrænni undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 23. mars 2023.

Stjórn:

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður

Einar Gunnar Thoroddsen

Guðrún Birna Finnsdóttir

Íris Huld Christersdóttir

Óskar Hafnfjörð Auðunsson

Framkvæmdastjóri:

Haraldur Agnar Bjarnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Auðkennis ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Auðkennis ehf. („félagið“) fyrir árið 2022 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. mars 2023.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta		608.232.501	538.589.825
		<u>608.232.501</u>	<u>538.589.825</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	189.141.616	165.966.257
Annar rekstrarkostnaður		231.550.645	222.105.340
Afskriftir	12	19.695.883	13.779.038
		<u>440.388.144</u>	<u>401.850.635</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		167.844.357	136.739.190
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.304.390	238.700
Matsbreyting markaðsverðbréfa		13.284.610	1.672.699
Vaxtagjöld		(59.253)	(158.862)
Gengismunur		(358.793)	(640.509)
		<u>14.170.954</u>	<u>1.112.028</u>
Hagnaður ársins	18	<u>182.015.311</u>	<u>137.851.218</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Óefnislegar eignir	13	38.986.332	25.723.299
Rekstrarfjármunir	14	23.928.653	28.530.964
Fastafjármunir		<u>62.914.985</u>	<u>54.254.263</u>
Birgðir	7	9.220.731	10.697.723
Viðskiptakröfur	16	76.065.209	53.664.860
Kröfur á tengda aðila	20	0	27.516.772
Aðrar skammtímakröfur		257.271	31.972
Fyrirframgreiddur kostnaður		29.274.340	25.026.328
Markaðsverðbréf	10	450.637.065	247.352.455
Handbært fé		49.688.650	70.270.225
Veltufjármunir		<u>615.143.266</u>	<u>434.560.335</u>
Eignir samtals		<u>678.058.251</u>	<u>488.814.598</u>
Eigið fé			
Hlutafé	17	947.999.999	947.999.999
Ójafnað eigið fé		(344.684.301)	(526.699.607)
Eigið fé	18	<u>603.315.698</u>	<u>421.300.392</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		32.568.422	26.366.429
Skuldir við tengda aðila	20	0	201.230
Aðrar skammtímaskuldir		42.174.131	40.946.547
Skammtímaskuldir		<u>74.742.553</u>	<u>67.514.206</u>
Skuldir samtals		<u>74.742.553</u>	<u>67.514.206</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>678.058.251</u>	<u>488.814.598</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	18	182.015.311	137.851.218
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12	19.695.884	13.779.043
Matsbreyting markaðsverðbréfa		(13.284.610)	(1.672.699)
		<u>188.426.585</u>	<u>149.957.562</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		1.476.992	(10.697.723)
Skammtímakröfur, hækkun		(26.873.660)	(15.165.156)
Skammtímaskuldir, hækkun		7.429.577	15.072.319
		<u>(17.967.091)</u>	<u>(10.790.560)</u>
		Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	
		<u>170.459.494</u>	<u>139.167.002</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í óefnislegum eignum	13	(19.897.267)	(6.143.076)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	14	(8.459.338)	(27.933.599)
Kröfur á tengda aðila, breyting		27.516.766	(7.442.394)
Verðbréfaeign, breyting		(190.000.000)	(100.000.000)
		<u>(190.839.839)</u>	<u>(141.519.069)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Lækkun á handbæru fé		(20.581.575)	(2.352.067)
Handbært fé í ársbyrjun		70.270.225	72.622.292
Handbært fé í árslok		49.688.650	70.270.225

Skýringar

1. Félagið

Auðkenni ehf. er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Borgartúni 31 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í uppbyggingu og rekstri innviða þar á meðal á sviði öruggrar auðkenningar, öruggra aðgerða eftir auðkenningu, rafrænna undirskrifa og annarra traustþjónusta ásamt skyldum rekstri.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að markaðsverðbréf er færð á gangvirði þ.e. á skráðu markaðsverði í árslok. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

5. Óefnislegar eignir

Félagið hefur fjárfest í hugbúnaði. Hugbúnaðurinn er færður á kostnaðarvirði að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Eignfærsla hugbúnaðarins er vegna rafrænna skilríkja tengdra lausna.

Hugbúnaður 5 ár

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélbúnaður 3 ár
Áhöld, tæki og húsbúnaður 5 ár

7. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

10. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf eru lausafjár sjóðir hjá fjármálastofnun. Markaðsverðbréf eru færð á skráð gengi í árslok, Matsbreyting er færð í rekstrarreikningi meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Skýringar

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	139.579.818	121.498.571
Þóknun til stjórnar	11.334.400	14.608.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	21.100.415	19.580.264
Önnur launatengd gjöld	13.403.956	11.703.685
Áfallið orlof, breyting	3.723.027	(1.424.263)
Laun og launatengd gjöld samtals	189.141.616	165.966.257
Ársverk	10,6	8,3

12. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2022	2021
Niðurfærsla óefnislegra eigna sbr. skýr 13	6.634.240	4.674.751
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýr 14	13.061.642	9.104.287
	19.695.882	13.779.038

13. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Hugbúnaður
Bókfært verð 1.1.2021	24.254.979
Viðbót á árinu	6.143.076
Niðurfærsla ársins	(4.674.751)
Bókfært verð 31.12.2021	25.723.299
Viðbót á árinu	19.897.267
Niðurfærsla ársins	(6.634.240)
Bókfært verð 31.12.2022	38.986.332
Afskriftahlutföll	20%

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:	Áhöld, tæki og húsbún.
Heildarverð 1.1.2021	81.236.898
Viðbót á árinu	27.933.599
Selt og niðurlagt á árinu	(15.779.398)
Heildarverð 31.12.2021	93.391.104
Viðbót á árinu	8.459.338
Fært út árinu	(31.456.608)
Heildarverð 31.12.2022	70.393.828
Afskrifað samtals 1.1.2021	71.535.251
Afskriftir ársins	9.104.287
Afskrifað samtals 31.12.2021	64.860.140
Afskriftir færðar út á árinu	(31.456.608)
Afskriftir ársins	13.061.643
Afskrifað samtals 31.12.2022	46.465.175
Bókfært verð 31.12.2021	28.530.964
Bókfært verð 31.12.2022	23.928.653
Afskriftahlutföll	20%-33%

Vátryggingarverðmæti

Vátryggingarverðmæti rekstrarfjármuna í árslok 2022 nam 138,5 millj. kr. (2021: 128,7 millj. kr).

Skýringar

15. Skatteign

Skatteign greinist þannig:	2022	2021
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	0	0
Skatteign í árslok	0	0
Skatteign skiptist þannig í árslok:		
Óefnislegar eignir	(7.797.266)	(5.144.660)
Rekstrarfjármunir	15.913.367	14.992.906
Viðskiptakröfur	600.000	600.000
Frestaður gengismunur	90.540	75.520
Yfirfæranlegt skattalegt tap	94.729.099	135.090.117
Skatteign samtals	103.535.740	145.613.883
Niðurfærsla skatteignar	(103.535.740)	(145.613.883)
Skatteign í árslok	0	0

Í árslok 2022 nemur skatteign félagsins aðallega vegna yfirfæranlegs skattalegs taps 103,5 millj. kr. Í ársreikningi 2022 hefur ekki verið færð upp skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps en það nam í árslok 473,6 millj. kr. samanber skýringu 19.

16. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:	2022	2021
Niðurfærsla í ársbyrjun	3.000.000	3.000.000
Niðurfærsla í árslok	3.000.000	3.000.000

17. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 948,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

18. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	947.999.999	(664.550.823)	283.449.176
Hagnaður ársins	0	137.851.218	137.851.218
Eigið fé 31.12.2021	947.999.999	(526.699.605)	421.300.394
Hagnaður ársins	0	182.015.311	182.015.311
Eigið fé 31.12.2022	947.999.999	(344.684.294)	603.315.705

19. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2022 nam 473,6 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2022 er nýtanlegt sem hér segir:

	2022	2021
Skattalegt tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	0	60.201.024
Skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	102.011.500	243.615.569
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	201.457.636	201.457.636
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	87.254.601	87.254.601
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	62.938.801	62.938.801
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	19.982.956	19.982.956
Ójafnað skattalegt tap samtals	473.645.494	675.450.587

Skýringar

20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. hluthafar með yferráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við ríkisstofnanir hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2022:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Ríkissjóður Íslands	0	0	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Viðskipti við tengda aðila árið 2021:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Hluthafar	2.916.535	193.670.160	27.516.772	203.230
	<u>2.916.535</u>	<u>193.670.160</u>	<u>27.516.772</u>	<u>203.230</u>

21. Önnur mál

Samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu í rafrænum viðskiptum skal vottunaraðili sem gefur út fullgild vottorð geyma upplýsingar tengdar starfsseminni í hæfilega langan tíma. Tímalengd varðveislu ræðst af tegund og notkun vottorðsins.